

Verkefni: Taktu þátt 30+

Styrkþegi: Samtök kvenna af erlendum uppruna

Samantekt

Félagsleg einangrun kvenna af erlendum uppruna og afleiðingar sem hún getur haft í för með sér eru sérstök áhyggjuefni í núverandi ástandi samfélagsins. Ef konur af erlendum uppruna verða fyrir langtímaatvinnuleysi, búa ekki við félagslegt net og hafa ekki möguleika til þess að skapa sér ný tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, munu afleiðingar slíkrar þróunar hafa langvarandi áhrif á komandi kynslóðir og samfélagsgerð.

Þróunarsjóður Innflytjendaráðs styrkti til verkefnis sem bar yfirskriftina „Taktu þátt 30+“. Verkefnið fólst í því að gefa konum af erlendum uppruna á Íslandi tækifæri til að vera virkir þátttakendur í íslensku samfélagi, koma í veg fyrir einangrun þeirra og gera þeim kleift að nýta menntun og kunnáttu sína til fulls. Kynntar voru fyrir konum þá möguleika sem eru til staðar fyrir þær að mennta sig, fá viðurkenningu fyrir menntunina sína, byggja sér upp tengslanet og fá tækifæri til að taka virkan þátt í félagslífi. Sérstök áhersla var lögð á að hvetja og styðja konur að taka virkan þátt í þeim sem og í opinberri umræðu um innflytjendamál og kvenréttindi á Íslandi. Önnur áhersla er að styðja erlendar konur í virkri atvinnuleit þar sem talið er að atvinnuleysi sé stærsti þáttur á bak við félagslega einangrun. Leitast verður við að finna þátttakendur á námskeiði úr hópi atvinnulausra erlendra kvenna, sem þurfa á stuðningi að halda.

Konurnar sem tóku þátt í verkefninu tóku einnig virkan þátt í Kvennafrídegi 2010 og náðu miklum árangri. Þær fengu tækifæri að byggja sér tengslanet, finna meira út um möguleika þeirra, bæði í atvinnuleit og utan atvinnumarkaðsins, til dæmis að nýta hæfileika sína sem sjálfboðaliði. Þátttakendur náðu að byggja upp sjálfstraust og eru færari að tjá sig frammi fyrir hópum og öðrum einstaklingum. Einnig fengu þær hagnýtar upplýsingar um íslenskt samfélag, frá fulltrúum stjórnmalaflokka fyrir sveitarstjórnarkosningar, frá fulltrúum kvenréttindahreyfinga, og sérfræðingum í innflytjendamálum og aðlögun.

Project: Get Involved 30+

Grantee: W.O.M.E.N.

Abstract

Social isolation amongst immigrant women and the consequences that follow are an area of genuine concern in today's society. Long-term unemployment, the lack of a support network and not having the opportunity to create new opportunities which encourage immigrant women to actively participate in society, will cause long term negative effects on society for generations to come.

The Development Fund for Immigration Issues issued Women of Multicultural Ethnicity Network a grant for the project „Get Involved 30+“. The project offered immigrant women in Iceland, 30 years of age and over, the opportunity to become active participants in Icelandic society, prevent social isolation, and to empower them to be able to use their education and experience. The women were shown possibilities in the education system, were taught how to have their credentials recognised, how to build up a support network, and how to active in society. Special emphasis was placed on supporting and encouraging the women to participate in the public sphere, to get involved in the discussion of immigrants issues and women's rights in Iceland. Another area of focus was teaching the women effective job searching techniques as unemployment is considered a major contributor to social isolation. Participants were unemployed, immigrant women who needed extra support. The women also participated in Women's Day Off 2010 and achieved much positive attention. They built up their support networks, realised their own personal achievements and possibilities that can be used both in job searching and outside of the job market, for instance by using their talents as volunteers. They left the course with increased self-esteem and are now more qualified to express themselves before groups and other individuals. They also received practical information about society from politicians running for city council, from women in the women's rights movement and from specialists in immigration and integration.